

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 16

2. árgangur

4.5.1995

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

95/EES/16/01 Auglýsing um samvinnu milli innlendra dómstóla og eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins..... 01

95/EES/16/02 Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum..... 10

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/16/03 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.583 - Inchcape plc/Gestetner Holdings PLC)..... 11

95/EES/16/04 Forathugun á samfylkingu (Mál nr. IV/M.553 - RTL/Veronica/Endemol)..... 12

95/EES/16/05 Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.589 - Seagram/MCA)..... 12

95/EES/16/06 Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.484 - Toyota Industrial Equipment)..... 13

95/EES/16/07 Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.505 - Shell/Monteshell)..... 14

95/EES/16/08	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.577 - Alfred C. Toepfer/Champagne Céréales).....	14
95/EES/16/09	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.575 - Volvo/VME).....	14
95/EES/16/10	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.536 - Torrington/NSK).....	15
95/EES/16/11	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.563 - British Steel/UES).....	15
95/EES/16/12	Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu (Mál nr. IV/M.571 - CGI/Dassault).....	15
95/EES/16/13	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku.....	16
95/EES/16/14	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. mars 1995 um að viðurkenna Svíþjóð sem svæði þar sem ekki hefur verið bólusett gegn Newcastle-veiki.....	16
95/EES/16/15	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. mars 1995 um að veita Lýðveldinu Portúgal undanþágu samkvæmt 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum.....	16
95/EES/16/16	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. mars 1995 um tiltekna verndarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í lögum í Noregi og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/144/EBE.....	16
95/EES/16/17	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um viðmið vegna prófunar á alifuglum til slátrunar sem eru upprunnir á svæði sem er undir eftirliti vegna Newcastle-veiki, við beitingu 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/494/EBE.....	17
95/EES/16/18	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1995 um gerð skráar yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Þýskalandi.....	17
95/EES/16/19	Ríkisaðstoð - C 58/94 - Þýskaland.....	17
95/EES/16/20	Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 10. 4. til 21. 4. 1995.....	18

3. **Dómstóllinn**

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Auglýsing um samvinnu milli innlendra dómstóla og eftirlitsstofnunar EFTA við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins **95/EES/16/01**

- A. Auglýsing þessi er birt samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES-samningurinn) og samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn).
- B. Framkvæmdastjórn EB birti 13. febrúar 1993 auglýsingu um samvinnu milli innlendra dómstóla og framkvæmdastjórnarinnar við beitingu 85. og 86. gr. EB-sáttmálans (Stjtið. EB nr. C 39, 13. 2. 1993, bls. 6). Þessi gerð, sem ekki er bindandi, hefur að geyma meginreglur og aðrar reglur sem framkvæmdastjórnin fylgir á sviði samkeppismála. Í henni er einnig gerð grein fyrir því á hvaða hátt framkvæmdastjórnin hyggst hafa samvinnu við innlenda dómstóla.
- C. Eftirlitsstofnun EFTA telur að efni framangreindrar gerðar varði Evrópska efnahagssvæðið. Til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum og tryggja einsleita beitingu samkeppnisreglna EES alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu samþykkir eftirlitsstofnun EFTA þessa auglýsingu samkvæmt því umboði sem henni er falið samkvæmt b-lið 2. mgr. 5. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Hún hefur í hyggju að fylgja meginreglum og öðrum reglum sem kveðið er á um í þessari auglýsingu við beitingu samkeppnisreglna EES.
- D. Markmið þessarar auglýsingar er einkum að koma á árangursríkri samvinnu milli innlendra dómstóla í EFTA-ríkjunum⁽¹⁾ og eftirlitsstofnunar EFTA. Í henni er útlistað hvernig eftirlitsstofnun EFTA hyggst aðstoða innlenda dómstóla með náinni samvinnu við beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins í einstökum málum; þó á þann hátt að ávallt verður tekið mið af sjálfstæði innlendra dómstóla.

I. Inngangur

1. Myndun einsleits Evrópsks efnahagssvæðis, þar sem vöruflutningar, fólksflutningar, þjónustustarfsemi og fjármagnsflutningar eru frjálssir, gerir fyrirtækjum innan EES kleift að hefja nýja starfsemi, og njóta neytendur hagnaðar af aukinni samkeppni. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessum ávinningi megi ekki stofna í hættu með takmarkandi eða ólögætum aðgerðum fyrirtækja og því staðfesti markmiðin sem mælt er fyrir um í EES-samningnum enn frekar mikilvægi fyrirkomulags sem tryggir eðlilega samkeppni.
2. Daglega beita innlendar samkeppnisstofnanir, innlendir dómstólar, dómstólar bandalagsins, EFTA-dómstóllinn, framkvæmdastjórnin og eftirlitsstofnun EFTA hver fyrir sig samkeppnisreglum EES við störf sín og axla ábyrgð þeim samfara, svo sem gert er ráð fyrir í EES-samningnum. Eigi samkeppnisreglurnar innan Evrópska efnahagssvæðisins á að skila árangri, verður að tryggja árangursríka samvinnu milli þessara stofnana.
3. Samkvæmt dómaförðæmum dómstóls Evrópubandalaganna geta ákvæði EB-sáttmálans haft bein áhrif í þeim skilningi að þau renna saman við landslög án þess að til þurfi innlendar ráðstafanir, að því marki að eðli þeirra leyfi slíkt.⁽²⁾ Slíkum ákvæðum, eins og reglugerðum bandalagsins (sem eðlis síns vegna og hlutverks í lagakerfi bandalagsins gilda beint⁽³⁾), verða innlendir dómstólar að beita án þess að gripið sé til lögfræðilegra úrræða sem mótuð eru til að taka bandalagslög upp í landslög.

⁽¹⁾ Í þessari auglýsingu merkja allar tilvísanir til EFTA-ríkjanna EFTA-ríki þar sem EES-samningurinn hefur öðlast gildi.

⁽²⁾ Sjá t.d. mál 26/62, Van Gend en Loos gegn Nederlandse administratie der belastingen, [1963] dómasafn 1; mál 28/67, Firma Molkerei-Zentrale Westfalen/Lippe GmbH gegn Hauptzollamt Paderborn, [1968] dómasafn 143.

⁽³⁾ Sjá t.d. mál 43/71, Politi gegn fjármálaráðuneyti Lýðveldisins Ítalíu, [1971] dómasafn 1039.

Eftirlitsstofnun EFTA telur að ekki sé um slíkt að ræða að því er varðar EES-lög að svo miklu leyti sem EFTA-ríkin eiga hlut að máli. Í EFTA-ríkjunum eru innri áhrif EES-laga háð viðeigandi stjórnskipunarlægum þeirra, með fyrirvara um bókun 35 í EES-samningnum. Samkvæmt þeirri bókun skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, sérstök lagaákvæði þess efnis að í þeim tilvikum þar sem gæti komið til árekstra milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og annarra settra laga gildi EES-reglurnar. Samkvæmt EFTA-dómstólnum er það eðli slíkra ákvæða að komi til árekstra milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmda og innlendra laga verða einstaklingar og atvinnurekendur að hafa rétt til að skírskota til og krefjast allra réttinda heima fyrir sem leitt gætu af ákvæðum EES-samningsins, sem eru eða hafa verið tekin upp í viðeigandi innlenda réttareglu, enda séu þau nægilega skýr og óskilyrt.⁽¹⁾

4. Aðstoð og samvinna sem boðin er innlendum dómstólum EFTA-ríkjana í samræmi við þessa auglýsingu mun fyrst og fremst varða einstök mál sem eru í gangi fyrir þessum dómstólum og mun vera í formi upplýsinga eða svara sem veitt eru viðkomandi dómstól milliliðalaust. Í því skyni að veita atvinnurekendum, innlendum samkeppnisstofnunum og innlendum dómstólum almennar leiðbeiningar varðandi túlkun á samkeppnisreglum EES-samningsins, mun eftirlitsstofnun EFTA þó einnig leitast við að meðhöndla einstök mál sem falla undir valdsvið hennar á þann hátt að stuðlað sé að gagnsæi og almennri þekkingu á þessum reglum og beitingu þeirra.
5. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, ef þörf krefur, að ljúka máli með því að gefa út stjórnýslubríf, í stað þess að taka formlega ákvörðun í málinu. Slíkt stjórnýslubríf munu alla jafna kynnt almenningi og einnig verður útskýrt hvers vegna ákveðið stjórnýslubríf hefur verið gefið út.

II. Valdsvið

6. Eftirlitsstofnun EFTA er, ásamt framkvæmdastjórninni, það stjórnýsluvald sem ber ábyrgð á framkvæmd stefnu í samkeppnimálum innan EES og verður því að aðhafast í þágu almennra hagsmuna. Innlendir dómstólar gegna hins vegar því hlutverki að vernda einstaklingsbundin rétt manna í innbyrðis tengslum þeirra.
7. Við framkvæmd þessara mismunandi verkefna hafa innlendir dómstólar og eftirlitsstofnun EFTA hliðstætt vald að því er varðar beitingu 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins. Að því er varðar eftirlitsstofnun EFTA er kveðið á um valdsvið hennar í 55. gr. EES-samningsins og ákvæðum sem sett eru í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Að því er varðar innlenda dómstóla leiðir valdsvið þeirra af þeirri staðreynd að 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. EES-samningsins, sem að áliti eftirlitsstofnunar EFTA uppfylla það skilyrði, sem felst í bókun 35 við EES-samninginn, að vera nægilega skýr og óskilyrt, hafa verið teknar upp í landsrétt EFTA-ríkjana.⁽²⁾
8. Á þennan hátt geta innlendir dómstólar tryggt, í samræmi við gildandi innlend réttarfarslög, að samkeppnisreglur séu virtar, einstaklingum til hagsbóta. Að auki gerir 2. mgr. 53. gr. þeim kleift að ákvarða, í samræmi við gildandi innlend réttarfarslög, hvaða áhrif bannið í 53. gr. hefur á einkamálarétt.⁽³⁾

⁽¹⁾ Sjá mál E-1/94, dómur frá 16. desember 1994, 77. mgr. (ekki enn tilkynnt).

⁽²⁾ Sjá 3. mgr. þessarar auglýsingar.

⁽³⁾ Sjá dóm dómstóls Evrópubandalaganna í máli 56/65, LTM gegn MBU, [1966] dómasafn 337, mál 48/72, Brasserie de Haecht gegn Wilkin-Janssen, [1973] dómasafn 77 og mál 319/82, Ciments et Bétons gegn Kerpen & Kerpen, [1983] dómasafn 4173, varðandi samsvarandi ákvæði í 85. gr. EB-sáttmáls.

Í 6. gr. EES-samningsins er kveðið á um að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri, við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa, að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag EES-samningsins, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála.

9. Þó hafa eingöngu eftirlitsstofnun EFTA og framkvæmdastjórnin, samkvæmt 9. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn og reglugerð nr. 17⁽¹⁾, vald, samkvæmt skilyrðunum í 56. gr. EES-samningsins, til að undanþiggja tilteknar gerðir samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða þessu banni. Samkvæmt 56. gr. er þar til bæri eftirlitsstofnun heimilt að fara með þetta vald með því að taka ákvörðun um að undanþiggja sérstakan samning í einstaka tilviki. Að auki hefur EES-samningurinn að geyma gerðir sem samsvara reglugerðum bandalagsins um að veita tilteknum tegundum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða hópundanþágu.
10. Þrátt fyrir að innlendir dómstólar hafi ekki heimild til að beita 3. mgr. 53. gr. er þeim þó heimilt að beita gerðunum í EES-samningnum sem kveða á um hópundanþágu samkvæmt því ákvæði. Ákvæði slíkra gerða, sem að álitum eftirlitsstofnunar EFTA uppfylla það skilyrði, sem felst í bókun 35 við EES-samninginn, að vera nægilega skýr og óskilyrt, hafa verið tekin upp í landsrétt EFTA-ríkjanna.⁽²⁾ Innendum dómstólum er einnig heimilt, í samræmi við gildandi innlend réttarfarslög, að beita sérstökum undanþáguákvörðunum sem eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt samkvæmt 3. mgr. 53. gr. svo og sérstakri undanþáguákvörðun sem framkvæmdastjórnin samþykkti samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans áður en EES-samningurinn öðlaðist gildi.⁽³⁾
11. Vald eftirlitsstofnunar EFTA og vald innlendra dómstóla er ekki aðeins ólíkt hvað varðar markmið og inntak heldur einnig hvernig með það er farið. Eftirlitsstofnun EFTA fer með vald sitt samkvæmt málmeðferðarreglum þeim sem kveðið er á um í II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, en innlendir dómstólar fara með vald í samræmi við innlend réttarfarslög.
12. Dómstóll Evrópubandalaganna hefur sett meginreglur um aðferðir og réttarúræði sem gera kleift að skírskota til laga bandalagsins, sem gilda án frekari lögfestingar, frammi fyrir innendum dómstólum í aðildarríkjum bandalagsins.

„Þrátt fyrir að sáttmálinn hafi í mörgum tilvikum gert einstaklingum kleift að höfða mál milliliðalaust, þar sem við á, fyrir dómstólnum átti það ekki að verða til þess að ný réttarúræði yrðu til við innlenda dómstóla til að tryggja að farið væri að öðrum lögum bandalagsins en þeim sem þegar væri að finna í landslögum. Hins vegar verður að vera hægt að nota hvaða gerð málssóknar sem fyrirfinnst í landslögum til að tryggja að farið sé að ákvæðum bandalagsins sem hafa bein áhrif, með sömu skilmálum varðandi dómhæfi og málsmeðferð og ef tryggja ætti að farið væri að landslögum.“⁽⁴⁾

13. Eftirlitsstofnun EFTA telur að þessar meginreglur gildi einnig þegar um er að ræða brot á samkeppnisreglum EES; einstaklingar og fyrirtæki ættu að hafa aðgang að öllum réttarúræðum sem kveðið er á um í landslögum EFTA-ríkjanna með sömu skilmálum og giltu ef um væri að ræða sambærilegt brot á landslögum.

Þetta jafnræði í meðferð varðar ekki aðeins endanlega staðfestingu um brot á samkeppnisreglum heldur tekur til allra réttaleiða sem kunna að stuðla að árangursríkri réttarvernd. Eftirlitsstofnun EFTA telur að innlendir dómstólar ættu að gera bráðabirgðaráðstafanir, binda með lögþingi í eitt skipti fyrir öll enda á brot á samkeppnisreglum EES og greiða skaðabætur vegna tjóns sem orðið hefur vegna brota, þegar slík úrræði eru tiltæk í málsmeðferð varðandi sambærileg innlend lög.

⁽¹⁾ Reglugerð ráðsins nr. 17. frá 6. febrúar 1962: Fyrsta reglugerð til framkvæmdar á ákvæðum 85. og 86. gr. sáttmálans (Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204/62; sérútgáfa 1959-62, bls. 87).

⁽²⁾ Sjá 3. mgr. þessarar auglýsingar.

⁽³⁾ Í 13. gr. í bókun 21 við EES-samninginn er kveðið á um að samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem njóta sérstakrar undanþágu á grundvelli 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans fyrir gildistöku samningsins, skuli áfram undanþegin ákvæðum samningsins, þar til samningarnir, ákvarðanirnar og aðgerðirnar falla úr gildi eins og kveðið er á um í ákvörðunum þar sem undanþágurnar eru veittar eða þar til framkvæmdastjórnin ákveður annað, hvort heldur sem fyrir verður.

⁽⁴⁾ Mál 158/80, Rewe gegn Hauptzollamt Kiel, [1981] dómasafn 1805, 44. mgr.; sjá einnig mál 33/76, Rewe gegn Landwirtschaftskammer Saarland, [1976] dómasafn 1989; mál 79/83, Hartz gegn Deutsche Tradax, [1984] dómasafn 1921; mál 199/82, Amministrazione delle Finanze dello Stato gegn San Giorgio, [1983] dómasafn 3595.

14. Eftirlitsstofnun EFTA telur að beiting innlendra samkeppnislaga samtímis samrýmist beitingu EES-laga, að því tilskildu að það skaði ekki skilvirkni og einsleitni samkeppnisreglna EES og ráðstafanir sem eru gerðar til að koma þeim til framkvæmda.⁽¹⁾ Ágreining, af hvaða tagi sem er, sem kann að rísa þegar innlendum samkeppnislögum og samkeppnislögum EES er beitt samtímis skal samkvæmt EES-samningnum jafna á þann hátt að EES-lög hafa forgang. Markmið þessarar meginreglu er að útiloka allar innlendar aðgerðir sem kunna að stofna í hættu fullri skilvirkni ákvæða EES-samningsins.

III. Beiting 53. og 54. gr. EES-samningsins af innlendum dómstólum

15. Innlendir dómstóll kann að þurfa að taka ákvörðun varðandi beitingu 53. og 54. gr. EES-samningsins í ýmsum gerðum dómsmála. Ef um er að ræða einkamálarétt eru tvær gerðir mála sem koma einkum til greina: mál varðandi samninga og skaðabótamál. Í fyrirnefnda tilvikinu mun varnaraðili að öllu jöfnu beita fyrir sig 2. mgr. 53. gr. til að mótmæla samningsbundnum skuldbindingum sem stefnandi skírskotar til. Í síðarnefnda tilvikinu mun bannið sem kveðið er á um í 53. og 54. gr. alla jafna skipta máli þegar skorið er úr um hvort athöfnin sem krafist er skaðabóta fyrir sé ólögleg.
16. Í slíkum aðstæðum veitir sú staðreynd að 1. mgr. 53. gr. og 54. gr., sem að álit eftirlitsstofnunar EFTA uppfylla það skilyrði, sem felst í bókun 35 við EES-samninginn, að vera nægilega skýr og óskilyrt, hafa verið teknar upp í landsrétt EFTA-ríkjanna, innlendum dómstólum nægilegt umboð til að kveða upp dóm, svo sem þeim ber skylda til.⁽²⁾ Þó verða þeir við beitingu þessa valds að taka tillit til valdsviðs eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar til að forðast ákvarðanatöku sem gæti verið í andstöðu við ákvarðanir sem eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin tekur eða hyggst taka, allt eftir því hvort þessara yfirvalda er bært til að úrskurða í einstaka máli í samræmi við ákvæði 56. gr. EES-samningsins við beitingu 1. mgr. 53. gr. og 54. gr., svo og 3. mgr. 53. gr.⁽³⁾ Að auki verða innlendir dómstólar að virða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar við beitingu 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans sem tekin var fyrir gildistöku EES-samningsins.⁽⁴⁾
17. Í dómsúrlausnum sínum varðandi samkeppnisreglur bandalagsins hefur dómstóllinn sett fjölda meginregla sem gerir kleift að forðast slíkar andstæðar ákvarðanir.⁽⁵⁾ Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að innlendir dómstólar skuli taka mið af þessum meginreglum á eftirfarandi hátt.

1. Beiting 1. og 2. mgr. 53. gr. og 54. gr.

18. Innlendir dómstólar verða svara spurningunni um hvort samningur, ákvörðun eða aðgerð sem um ræðir brjóti gegn banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. Áður en innlendir dómstólar taka afstöðu geta þeir gengið úr skugga um hvort þegar liggi fyrir ákvörðun, álit eða önnur opinber yfirlýsing, varðandi þennan samning, ákvörðun eða aðgerð, útgefin af stjórnsýsluvaldi, einkum eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórninni. Slíkar yfirlýsingar kunna að vera innlendum dómstólum mikilvægar við afgreiðslu mála þó þær séu ekki formlega bindandi fyrir þá. Í þessu tilliti ber að geta þess að ekki eru öll mál sem koma fyrir eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnina afgreidd með opinberri ákvörðun; þeim er einnig unnt að ljúka með stjórnsýslubrífum. Þó þessi bréf séu ekki bindandi fyrir innlenda dómstóla þá er það álit sem fram kemur í slíku bréfi mikilvægt þáttur sem innlendir dómstólar geta tekið mið af þegar þeir rannsaka hvort samningur eða athöfn sem um ræðir samrýmist ákvæðum 53. gr.⁽⁶⁾

⁽¹⁾ Sjá dóma dómstóls Evrópubandalagsins í máli 14/68, *Walt Wilhelm and Others* gegn *Bundeskartellamt*, [1969] dómasafn 1; sameinuð mál 253/78 og 1 til 3/79, *Procureur de la République* gegn *Giry and Guerlain*, [1980] dómasafn 2327.

⁽²⁾ Sjá 3. mgr. þessarar auglýsingar.

⁽³⁾ Sjá dóm dómstóls Evrópubandalaganna í máli C-234/89, *Delimitis* gegn *Henninger Bräu*, [1991] dómasafn I-935, 47. gr.

⁽⁴⁾ Sjá 13. gr. í bókun 21 við EES-samninginn.

⁽⁵⁾ Mál 48/72, *Brasserie de Haecht* gegn *Wilkin-Janssen*, [1973] dómasafn 77; mál 127/73, *BRT* gegn *Sabam*, [1974] dómasafn 51; mál C-234/89, *Delimitis* gegn *Henninger Bräu*, [1991] dómasafn I-935.

⁽⁶⁾ Sjá dóm dómstóls Evrópubandalaganna í máli Case 99/79, *Lancôme* gegn *Etos*, [1980] dómasafn 2511, 11. mgr.

19. Hafi eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin ekki úrskurðað um sama samning, ákvörðun eða aðgerð geta innlendir dómstólar alltaf haft til hliðsjónar, við túlkun á þeim EES-lögum er um ræðir, dómsúrlausnir EFTA-dómstólsins og dómstóls Evrópubandalaganna, fyrirleggjandi ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar, og viðeigandi dómsúrlausnir og ákvarðanir dómstólsins og framkvæmdastjórnarinnar varðandi samsvarandi lög bandalagsins. Innendum dómstólum er skylt, við beitingu ákvæða EES-samningsins, svo fremi sem þau eru að efni til eins og samsvarandi bandalagslög, að túlka þau í samræmi við viðeigandi úrskurði dómstólsins sem kveðnir voru upp fyrir undirritun EES-samningsins.⁽¹⁾ Innlendir dómstólar geta einnig stuðst við leiðbeiningar almennra auglýsinga þar sem eftirlitsstofnun EFTA hefur skilgreint flokka samninga sem bannið sem kveðið er á um í 1. mgr. 53. gr. tekur ekki til.⁽²⁾
20. Á þessum grundvelli ættu innlendir dómstólar alla jafna að geta ákveðið hvort athöfnin sem um ræðir samrýmist 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. Hafi eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin hins vegar hafið málsmeðferð í máli er varðar sömu athöfn er henni heimilt, ef hún telur það nauðsynlegt vegna réttarvissu, að fresta málsmeðferð á meðan beðið er niðurstöðu aðgerða yfirvaldsins.⁽³⁾ Einnig er hægt að fresta málsmeðferð ef innlendir dómstólar óska eftir að fá upplýsingar frá eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við ráðstafanirnar sem um getur í IV. hluta þessarar auglýsingar. Að lokum geta innlendir dómstólar í öllum tilvikum frestað málsmeðferð meðan leitað er ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.
21. Hafi innlendir dómstólar ákveðið að kveða upp dóm en komast að raun um að skilyrðin fyrir beitingu 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. eru ekki uppfyllt skulu þeir þó halda málsmeðferðinni áfram á grundvelli slíkra uppgötvunar, jafnvel þó samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin er um ræðir hafi verið tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA. Ef mat á staðreyndum leiðir í ljós að skilyrðin fyrir beitingu 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. eru uppfyllt verða innlendir dómstólar að úrskurða að athöfnin er um ræðir brjóti gegn 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. og grípa til viðeigandi ráðstafana, þar með taldar ráðstafanir sem varða afleiðingar þess að brotið er gegn lögmæltu banni samkvæmt gildandi einkamálarétti.

2. Beiting 3. mgr. 53. gr.

22. Komist innlendir dómstóll að þeirri niðurstöðu að samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð sé bönnuð samkvæmt 1. mgr. 53. gr. verður hann að athuga hvort hún er undanþegin eða muni fá undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. Hér kunna ýmsar aðstæður að koma upp.
- 23.a) Innlenda dómstólum er skylt að virða ákvarðanir um undanþágu sem eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórnin tekur, svo og ákvarðanir um undanþágu sem framkvæmdastjórnin tók samkvæmt 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans fyrir gildistöku EES-samningsins⁽⁴⁾. Þar af leiðandi verður hann að fara með samning, ákvörðun eða samstillta aðgerð, sem um ræðir, á sama hátt og ef hún samrýmdist EES-lögum og viðurkenna að fullu áhrif hennar eins og um einkamálarétt væri að ræða. Í þessu sambandi ber einnig að nefna stjórnsýslubréf þar sem eftirlitsstofnun EFTA eða þjónustustofnanir framkvæmdastjórnarinnar kveða á um að skilyrðin fyrir beitingu 3. mgr. 53. gr. hafi verið uppfyllt. Eftirlitsstofnun EFTA telur að innlendir dómstólar geti tekið mið af slíkum bréfum sem raunverulegum málsatvikum.

⁽¹⁾ 6. gr. EES-samningsins. Undirritunardagur samningsins var 2. maí 1992.

⁽²⁾ Sjá auglýsingar eftirlitsstofnunar EFTA um:

- samninga um einkakaup og -sölu við umboðsmenn (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 23 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 12).
- samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir á sviði samvinnu milli fyrirtækja (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 25 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 24).
- mat á tilteknum samningum undirverktaka (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 30 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 29).
- minniháttar samninga (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 32 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 31).

⁽³⁾ Sjá dóm dómstóls Evrópubandalaganna í máli 127/73, *BRT* gegn *Sabam*, [1974] dómasafn 51, 21. mgr. Málsmeðferð fyrir eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórninni er hafin með opinberri gerð. Einföld viðurkenning á móttöku telst ekki opinber gerð sem slík; mál 48/72, *Brasserie de Haecht* gegn *Wilkin-Janssen*, [1973] dómasafn 77, 16. og 17. mgr.

⁽⁴⁾ Sjá 13. gr. í bókun 21 við EES-samninginn.

- 24.b) Samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem falla undir gildissvið beitingar gerðar sem samsvarar reglugerð bandalagsins um hópundanþágu, sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn, eru sjálfkrafa undanþegnar banninu sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 53. gr.⁽¹⁾
- 25.c) Samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem ekki falla undir gildissvið gerðar sem samsvarar reglugerð um hópundanþágu, og sem ekki hefur verið ákveðið að veita sérstaka undanþágu fyrir eða verið fjallað um í stjórnsýslubréfi, er, að áliti eftirlitsstofnunar EFTA heimilt að rannsaka á eftirfarandi hátt.
26. Innlendi dómstóllinn getur fyrst rannsakað hvort formleg skilyrði til að tryggja undanþágu hafi verið uppfyllt, einkum hvort samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin hafi verið tilkynnt eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórninni svo sem vera ber í samræmi við 1. mgr. 4. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn og reglugerð nr. 17.⁽²⁾ Hafi engin tilkynning verið send og með fyrirvara um 2. mgr. 4. gr. II. kafla í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnunina og dómstóllinn og reglugerð nr. 17, kemur undanþága samkvæmt 3. mgr. 53. gr. ekki til greina þannig að innlendum dómstól er heimilt að kveða á um, samkvæmt 2. mgr. 53. gr., að samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin sé ógild.
27. Hafi verið tilkynnt um samninginn, ákvörðunina eða samstilltu aðgerðina til eftirlitsstofnunar EFTA eða framkvæmdastjórnarinnar, svo sem vera ber, getur innlendi dómstóllinn metið hvort hægt sé að veita undanþágu í málinu sem um ræðir í ljósi viðeigandi viðmiðana sem hafa verið þróuð á grundvelli dómsúrlausna EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstólsins á fyrsta dómstigi, með fyrri ákvörðunum eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar, með gerðum sem samsvara reglugerðum bandalagsins um hópundanþágur sem kveðið er á um í XIV. viðauka við EES-samninginn, svo og á grundvelli dómsúrlausna og fyrri ákvarðana dómstólsins, dómstólsins á fyrsta dómstigi og framkvæmdastjórnarinnar varðandi 3. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans.
28. Komist innlendi dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að veita sérstaka undanþágu vegna samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar, er um ræðir, getur hann gripið til nauðsynlegra ráðstafana til að fara að kröfum 1. og 2. mgr. 53. gr. Telji hann hins vegar að unnt sé að veita sérstaka undanþágu ber innlenda dómstólnum, með fyrirvara um gildandi innlend réttarfarslög, að gera hlé á málsmeðferðinni meðan beðið er ákvörðunar þar til bærrar eftirlitsstofnunar. Geri innlendi dómstóllinn hlé á málsmeðferð getur hann eftir sem áður, í samræmi við ákvæði gildandi landslaga, samþykkt þær bráðabirgðaráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar.
29. Þessar reglur gilda þó ekki gagnvart samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum sem voru í gildi við gildistöku EES-samningsins og eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórninni var tilkynnt um innan sex mánaða frá því að samningurinn öðlaðist gildi. Dómstóll Evrópubandalaganna telur að innlendir dómstólar verði að líta svo á að samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir sem voru í gildi áður en reglugerð 17 tók gildi og framkvæmdastjórninni var tilkynnt um, svo sem vera ber, gildi svo lengi sem framkvæmdastjórnin eða yfirvöld í aðildarríkjunum hafa ekki tekið ákvörðun um bann eða sent stjórnsýslubréf til viðkomandi aðila þar sem þeim er tilkynnt að málinu sé lokið.⁽³⁾ Eftirlitsstofnun EFTA telur að sambærileg meginregla um tímabundið lögmati geti gilt með tilliti til samkeppnisreglna EES, hvað varðar framangreinda flokka samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða.
30. Eftirlitsstofnun EFTA gerir sér grein fyrir að reglurnar hér að framan, varðandi það að innlendir dómstólar beiti 53. og 54. gr. kunni að vera flóknar og oft ófullnægjandi til að þessir dómstólar geti sinnt dómstörfum sínum svo sem vera ber. Þetta á einkum við þegar hagnýt beiting 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. leiðir til lagalegra eða efnahagslegra vandkvæða, þegar þar til bær eftirlitsstofnun hefur hafið málsmeðferð í sama máli eða þegar hugsanlega á að veita sérstaka undanþágu vegna viðkomandi samnings, ákvörðunar eða samstilltrar aðgerðar í skilningi 3. mgr. 53. gr.

⁽¹⁾ Skrá yfir viðeigandi gerðir og opinberar athugasemdir til útskýringar sem gefnar eru út af eftirlitsstofnun EFTA í tengslum við þær eru taldar upp í viðauka við þessa auglýsingu.

⁽²⁾ Rétt er að taka fram að það skiptir ekki máli hvort samningurinn, ákvörðunin eða samstillta aðgerðin hafi verið tilkynnt eftirlitsstofnun sem samkvæmt 56. gr. EES-samnings er bær til að taka ákvörðun um málið. Sjá 10. gr. í bókun 23 við EES-samninginn.

⁽³⁾ Mál 48/72, *Brasserie de Haecht* gegn *Wilkin-Janssen*, [1973] dómasafn 77; mál 59/77, *De Bloos* gegn *Bouyer*, [1977] dómasafn 2359; mál 99/79, *Lancôme* gegn *Etos*, [1980] dómasafn 2511.

Innlendum dómstólum er heimilt að bera slík mál undir EFTA-dómstólinn til að fá ráðgefandi álit í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól. Þeim er einnig heimilt að nýta sér aðstoð eftirlitsstofnunar EFTA í samræmi við málsmeðferðina hér að framan.

IV. Samvinna innlendra dómstóla og eftirlitsstofnunar EFTA

31. 3. gr. EES-samningsins sem byggist á, og endurspeglar að miklu leyti, 5. gr. EB-sáttmálans skyldar samningsaðila til að grípa til allra viðeigandi ráðstafana til að tryggja að staðið verði við skuldbindingar sem af EES-samningnum leiðir og að auðvelda samvinnu innan ramma hans.

Dómstóll Evrópubandalaganna hefur úrskurðað að samkvæmt 5. gr. EB-sáttmálans beri framkvæmdastjórninni að hafa heiðarlega samvinnu við yfirvöld á sviði dómgæslu í aðildarríkjum bandalagsins sem eru ábyrg fyrir því að lögum bandalagsins sé beitt og þau virt í innlenda lagakerfinu.⁽¹⁾ Eftirlitsstofnun EFTA telur að samkvæmt sambærilegri skuldbindingu um heiðarlega samvinnu við innlenda dómstóla EFTA-ríkjanna, á grundvelli samsvarandi 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn. Hún telur enn fremur að slík samvinna geti verið mikilvægur þáttur í því að tryggja árangursríka og samræmda beitingu samkeppnisreglna EES. Í ljósi þessa leggur eftirlitsstofnun EFTA til samvinnu við innlenda dómstóla EFTA-ríkjanna á eftirfarandi hátt.

32. Dómsúrlausnir EFTA-dómstólsins, dómstóls Evrópubandalaganna og dómstólsins á fyrsta dómstigi og ákvarðanir eftirlitsstofnunar EFTA og framkvæmdastjórnarinnar, bæði samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins og (þar sem við á) samkvæmt samsvarandi 85. og 86. gr. EB-sáttmálans, gerðunum sem svara til reglugerða bandalagsins um hópundanþágur og almennar auglýsingar sem gefnar eru út af eftirlitsstofnun EFTA eru allar hluti af afleiddum rétti eða leiðbeiningum sem kunna að vera innlendum dómstólum gagnlegar við rannsókn einstakra mála.
33. Ef þessar heimildir eru ófullnægjandi er innlendum dómstólum heimilt, innan ramma innlendra réttarfarsla, að biðja eftirlitsstofnun EFTA um eftirfarandi upplýsingar.
34. Í fyrsta lagi er innlendum dómstólum heimilt að biðja um upplýsingar varðandi málsmeðferð sem gerir þeim kleift að komast að raun um hvort tiltekið mál sé í gangi fyrir eftirlitsstofnun EFTA, hvort málið hafi verið tilkynnt, hvort eftirlitsstofnun EFTA hafi opinberlega hafið málsmeðferð eða hvort hún hafi þegar tekið afstöðu með opinberri ákvörðun eða með stjórnarsýslubrési. Ef nauðsyn krefur er innlendum dómstólum heimilt að leita álits eftirlitsstofnunar EFTA á því hversu mikinn tíma þurfi til að veita leyfi eða hafna sérstakri undanþágu vegna tilkynntra samninga eða aðgerða svo þeir geti ákvarðað skilyrði fyrir ákvörðun um að gera hlé á málsmeðferð eða hvort þörf sé á að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir.⁽²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA mun fyrir sitt leyti kappkosta að veita málum forgang sem eru háð innlendra málsmeðferð sem frestað er á þennan hátt, einkum ef niðurstaða ágreinings í einkamáli er undir þeim komin.
35. Í annan stað, ef beiting 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. veldur innlendum dómstólum verulegum vandkvæðum geta þeir beðið eftirlitsstofnun EFTA um lögfræðilegar upplýsingar almenns eðlis. Í svörum sínum mun eftirlitsstofnun EFTA ekki taka tillit til málsatvika. Að auki ef innlendir dómstólar velkjast í vafa um hvort samningur, ákvörðun eða samstillt aðgerð sem deilt er um og tilkynnt hefur verið um til eftirlitsstofnunar EFTA komi til greina vegna sérstakrar undanþágu er þeim heimilt að biðja um tímabundið álit hennar.
36. Svör eftirlitsstofnunar EFTA eru ekki bindandi fyrir dómstólinn sem farið hefur fram á þau. Í svörum sínum mun eftirlitsstofnun EFTA taka skýrt fram að álit hennar sé ekki endanlegt og að þetta hafi ekki áhrif á rétt innlenda dómstólsins um að fara fram á ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins, í samræmi við 34. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

⁽¹⁾ Mál C-2/88 *Imm., Zwartveld*, (1990) dómasafn I-3365, 18. mgr. mál C-234/89, *Delimitis gegn Henninger Bräu*, (1991) dómasafn I-935, 53. mgr.

⁽²⁾ Sjá 20. og 28. gr. í þessari auglýsingu.

37. Að síðustu geta innlendir dómstólar fengið upplýsingar frá eftirlitsstofnun EFTA varðandi staðreyndir: tölfraðilegar upplýsingar, markaðsathuganir og hagfræðigreiningar. Eftirlitsstofnun EFTA mun kappkosta að koma þessum gögnum á framfæri, innan þeirra marka sem kveðið er á um í næstu málsgrein, eða gefa upp hvaðan unnt er að fá þau.
38. Það er í anda góðrar stjórnsýslu að eftirlitsstofnun EFTA svari beiðnum um lögfræðilegar upplýsingar og staðreyndir eins fljótt og auðið er. Þó getur eftirlitsstofnun EFTA ekki orðið við slíkum beiðum nema að ýmsum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verða umbeðin gögn að vera þeim tiltæk. Í öðru lagi er eftirlitsstofnun EFTA eingöngu heimilt að láta þess gögn í té ef almenn regla um góða stjórnsýsluvenju heimilar slíkt.
39. Til dæmis er þess krafist í 14. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, sbr. 20. gr. II. kafla í bókun 4 að því er varðar samkeppnisreglur, að eftirlitsstofnun EFTA láti ekki í té upplýsingar sem falla undir þagnarskyldu. Að auki er skyldan um heiðarlega samvinnu, sem leiðir af 3. gr. EES-samningsins og 2. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn, sú eina sem gildir um tengslin milli innlendra dómstóla og eftirlitsstofnunar EFTA og varðar ekki afstöðu deiluaðila í málinu sem er í gangi fyrir þessum dómstólum. Sem *amicus curiae* verður eftirlitsstofnun EFTA að virða lagalegt hlutleysi og hlutlægni. Þar af leiðandi mun hún ekki samþykkja beiðnir um upplýsingar innan ramma samvinnu sem lýst er í þessari auglýsingu nema þær komi frá innlendum dómstól annaðhvort beint eða óbeint í gegnum aðila sem hafa fengið fyrirmæli frá dómstólnum um að láta ákveðnar upplýsingar í té.

V. Lokaathugasemdir

40. Auglýsing þessi varðar ekki samkeppnisreglur á sviði flutninga. Hún varðar ekki heldur samkeppnisreglur varðandi kol og stál sem mælt er fyrir um í bókun 25 við EES-samninginn.
41. Auglýsing þessi er gefin út í leiðbeiningarskyni og takmarkar ekki á nokkurn hátt réttindi sem einstaklingar eða fyrirtæki hafa samkvæmt EES-samningnum.
42. Auglýsing þessi hefur ekki nein áhrif á túlkun ákvæða EES-samningsins af hálfu dómstóls Evrópubandalaganna eða EFTA-dómstólsins.

VIÐAUKI

GERÐIR SEM SAMSVARA REGLUGERÐUM BANDALAGSINS UM HÓPUNDANÞÁGU OG UM GETUR Í XIV. VIÐAUKA VIÐ EES- SAMNINGINN OG LEIÐBEINANDI AUGLÝSINGAR EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

I. Samningar um dreifingu

1. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1983/83 um samninga um einkadreifingu sem um getur í 2. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
2. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 1984/83 um samninga um einkakaup sem um getur í 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
3. Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um gerðirnar sem um getur í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 13 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 12).
4. Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um breytingu á auglýsingunni um gerðirnar sem um getur í 2. og 3. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (Stjtið. EB nr. L 186, 21. 7. 1994, bls. 69 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 21. 7. 1994, bls. 17).
5. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 123/85 um sölu og viðhaldsþjónustu ökutækja sem um getur í 4. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
6. Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um gerðina sem um getur í 4. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (Stjtið. EB nr. L 153, 18. 6. 1994, bls. 20 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 15, 18. 6. 1994, bls. 19).
7. Auglýsing eftirlitsstofnunar EFTA um að skýra starfsemi milliliða með vélknúin ökutæki (Stjtið. EB nr. L 186, 21. 7. 1994, bls. 70 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 21. 7. 1994, bls. 18).

II. Samningar um nytjaleyfi og umboð

1. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 2349/84 um nytjaleyfissamninga vegna einkaleyfa sem um getur í 5. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
2. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4087/88 um umboðssamninga sem um getur í 8. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
3. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 556/89 um nytjaleyfissamninga um kunnáttu sem um getur í 9. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.

III. Samstarfssamningar

1. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 417/85 um samninga um sérhæfingu sem um getur í 6. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.
2. Gerð sem svarar til reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 418/85 um samninga um rannsóknir og þróun sem um getur í 7. lið XIV. viðauka við EES-samninginn.

**Birting á ákvörðunum aðildarríkjanna um að veita eða 95/EES/16/02
afturkalla flugrekstrarleyfi samkvæmt 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr.
2407/92 um flugrekstrarleyfi til handa flugfélögum⁽¹⁾**

NOREGUR:

Veiting flugrekstrarleyfis

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Heimilisfang flugfélags	Hefur heimild til að flytja	Ákvörðun í gildi frá
Hamarfly AS	Postboks 2053 2301 Hamar	farþega, póst, farm	22.3.1995

NOREGUR:

Afturköllun flugrekstrarleyfa

B-flokkur: Flugrekstrarleyfi með takmörkununum sem um getur í a-lið 7. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 2407/92

Heiti flugfélags	Heimilisfang flugfélags	Ákvörðun í gildi frá
Ariel Aviation AS	Grønberg Gård, 1540 Vestby	14. 3. 95
Den Norske Luftfartsskole/ Øivind Skaunfelt	Postboks 76, 3201 Sandefjord	1. 2. 95
Trafikkflygerskolen AS	Trondheim Lufthavn, 7500 Stjørdal	22. 3. 95

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 1.

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.583 - Inchcape plc/Gestetner Holdings PLC)

95/EES/16/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 24. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem fyrirtækin Inchcape plc og Gestetner Holdings PLC öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki um sameiginlegt verkefni Inchcape NRG Limited, sem mun eignast og annast viðskipti þeirra með sjálfvirkan skrifstofubúnað í Asíu og á Kyrrahafssvæðinu.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Inchcape plc: viðhald og markaðssetning á ýmsum neysluvörum, meðal annars sjálfvirkum skrifstofubúnaði,
 - Gestetner Holdings PLC: sala, dreifing og viðhald á sjálfvirkum skrifstofubúnaði.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 108, 29. 4. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.583 - Inchcape plc/Gestetner Holdings PLC, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Forathugun á samfylkingu
(Mál nr. IV/M.553 - RTL/Veronica/Endemol)

95/EES/16/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 4. 1995 beiðni frá hollenskum yfirvöldum samkvæmt 22. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ um að athuga fyrirhugaða samfylkingu þar sem fyrirtækin RTL4 SA (en aðalhluthafar þess eru Compagnie Luxembourgeoise de Télédiffusion SA (CLT) og NV Verenigd Bezit VNU (VNU)), Veronica Omroeporganisatie (Veronica) og Endemol Entertainment Holding B.V. (Endemol) mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni Holland Media Groep SA (HMG).
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - RTL4: framleiðsla og útsending á sjónvarps- og útvarpsefni, (gegnum CLT)
 - Veronica: framleiðsla og útsending á sjónvarps- og útvarpsefni,
 - Endemol: framleiðsla á sjónvarpsefni og hagnýting leikhúsverka,
 - HMG: framleiðsla og útsending á sjónvarps- og útvarpsefni.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 112, 4. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.553 - RTL/Veronica/Endemol, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.589 - Seagram/MCA)

95/EES/16/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 21. 4. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾ þar sem The Seagram Company Ltd (Seagram), kanadísk samstæða, öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir Home Holding II Inc, hlutafélagi í Delaware og óbeint dótturfyrirtæki en að fullu í eigu Matsushita Electric Industrial Co Ltd. Með þessum kaupum mun Seagram öðlast yfirráð yfir MCA Inc. (MCA), fyrirtæki samstæðunnar í Bandaríkjunum sem sér um afþreyingarefni.

(¹) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Seagram: framleiðsla, markaðssetning og dreifing á drykkjarvörum um allan heim,
 - MCA: afþreyingarefni, þar með talin framleiðsla og dreifing á kvikmyndum og sjónvarps- og myndbandsefni; framleiðsla og dreifing á hljóðritaðri tónlist; verslanir sem annast smásölu á gjöfum og skartgripum; bókaútgáfa; þjónusta við kapalkefni; rekstur skemmtigarða og önnur þjónusta í tengslum við tómstundir.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðja aðila sem á hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 111, 3. 5. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/M.589 - Seagram/MCA, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Tilkynning um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni
(Mál nr. IV/35.484 - Toyota Industrial Equipment)**

95/EES/16/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 30. mars 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í formi skráðs félags sem myndað er af Toyota Automatic Loom Works Ltd (Japan), Toyota Motor Corporation (Japan) og Manitou BF (Frakklandi). Í tilkynntum samningum er kveðið á um að koma á fót fyrirtæki um sameiginlegt verkefni í Frakklandi til að annast viðskipti í tengslum við framleiðslu og samsetningu á gaffallyfturum með vörumerki Toyota svo og viðskipti með varahluti og aukabúnað.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjttíð. EB nr. C 107, 28. 4. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar í gegnum bréfasíma (nr. +32 2 296 98 08) eða í pósti, undir tilvísunarnúmeri IV/35.484, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate - General for Competition (DG IV)
Directorate D
Avenue de Cortenberg, 150
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.505 - Shell/Monteshell)****95/EES/16/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 16. 12. 1994 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.577 - Alfred C. Toepfer/Champagne Céréales)****95/EES/16/08**

Framkvæmdastjórnin ákvað 6. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.575 - Volvo/VME)****95/EES/16/09**

Framkvæmdastjórnin ákvað 11. 4. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

(¹) Stjttíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjttíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.536 - Torrington/NSK)**

95/EES/16/10

Framkvæmdastjórnin ákvað 28. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.563 - British Steel/UES)**

95/EES/16/11

Framkvæmdastjórnin ákvað 17. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu
(Mál nr. IV/M.571 - CGI/Dassault)**

95/EES/16/12

Framkvæmdastjórnin ákvað 24. 3. 1995 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾. Þriðji aðili sem á nægilegra hagsmuna að gæta getur fengið eintak af ákvörðuninni samkvæmt skriflegri beiðni til:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels
Bréfasími: +32 2 296 43 01

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 um 95/EES/16/13
breytingu á ákvörðun 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og
heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá
ákveðnum löndum Suður-Ameríku**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 10. mars 1995 um breytingu á ákvörðun 93/402/EBE um heilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð sem krafist er vegna innflutnings á nýju kjöti frá ákveðnum löndum Suður-Ameríku í Stjtið. EB nr. L 56, 14. 3. 1995. Í stað I. viðauka við ákvörðun 93/402/EBE komi viðauki við þessa ákvörðun þar sem innleiddar eru tímabundnar takmarkandi ráðstafanir hvað varðar innflutning á nýju kjöti frá ríkjunum São Paulo og Minas Gerais í Brasilíu (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. mars 1995 um 95/EES/16/14
að viðurkenna Svíþjóð sem svæði þar sem ekki hefur verið bólusett
gegn Newcastle-veiki**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. mars 1995 um að viðurkenna Svíþjóð sem svæði þar sem ekki hefur verið bólusett gegn Newcastle-veiki í Stjtið. EB nr. L 75, 4. 4. 1995. Í ákvörðuninni er því lýst yfir að Svíþjóð uppfylli kröfurnar í 2. mgr. 12. gr. tilskipunar 90/539/EBE hvað varðar Newcastle-veiki (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. mars 1995 um að 95/EES/16/15
veita Lýðveldinu Portúgal undanþágu samkvæmt 2. mgr. 3. gr.
tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 15. mars 1995 um að veita Lýðveldinu Portúgal undanþágu samkvæmt 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum í Stjtið. EB nr. L 65, 23. 3. 1995. Ákvörðunin heimilar Lýðveldinu Portúgal að nýta undanþáguna sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar ráðsins 92/102/EBE um auðkenningu og skráningu á dýrum (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjtið. EB).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. mars 1995 um 95/EES/16/16
tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í löxum í
Noregi og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar
93/144/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 31. mars 1995 um tilteknar verndarráðstafanir vegna smitandi blóðleysis í löxum í Noregi og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/144/EBE í Stjtið. EB nr. L 80, 8. 4. 1995. Í ákvörðuninni er kveðið á um að aðildarríkin skuli banna innflutning á laxi (*Salmo salar*) sem er upprunninn í Noregi, hvort sem hann er lifandi eða honum slátrað í öðru ríki en þar sem hann er slægður (sjá nánari útlitun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um 95/EES/16/17
viðmið vegna prófunar á alifuglum til slátrunar sem eru upprunnir á
svæði sem er undir eftirliti vegna Newcastle-veiki, við beitingu
3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/494/EBE**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. mars 1995 um viðmið vegna prófunar á alifuglum til slátrunar sem eru upprunnir á svæði sem er undir eftirliti vegna Newcastle-veiki, við beitingu 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 91/494/EBE í Stjttíð. EB nr. L 80, 8. 4. 1995. Við beitingu 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 91/494/EBE verður sýnataka á veirum og prófun til að greina Newcastle-veiki að fullnægja kröfum viðaukans við ákvörðunina (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1995 um gerð 95/EES/16/18
skráar yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Þýskalandi**

Framkvæmdastjórnin birti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 3. apríl 1995 um gerð skráar yfir viðurkenndar fiskeldisstöðvar í Þýskalandi í Stjttíð. EB nr. L 84, 14. 4. 1995. Í viðaukanum við ákvörðunina eru þær stöðvar taldar upp sem eru með viðurkenningu á svæði sem ekki er með viðurkenningu hvað varðar IHN (smitandi blóðmyndandi frumudauða) og VHS (veiru-blóðeitrun) (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Ríkisaðstoð
C 58/94
Þýskaland**

95/EES/16/19

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðin sem stjórnvöld í Bæjaralandi buðu fyrirtækjunum Unternehmensgruppe Müller/Loesch, FAG Kugelfischer AG, Steinbock Boss GmbH Fördertechnik og Jungheinrich AG og INA Werk Schaeffler KG, vegna endurskipulagningar þeirra (sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 96, 20. 4. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjttíð. EB, við:

European Commission
Rue de la Loi 200
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

Skrá yfir skjöl varðandi EES sem framkvæmdastjórnin sendi ráðinu á tímabilinu 10. 4. til 21. 4. 1995 95/EES/16/20

Þessi skjöl er unnt að fá hjá söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna

Kóði	Skráningarnúmer	Titill	Samþykkt af framkvæmdastjórninni þann	Sent til ráðsins þann	Blaðsíðufjöldi
COM(94) 590	CB-CO-94-695-EN-C ⁽¹⁾	Tillaga að tilskipun ráðsins um aðgang að flugafgreiðslumarkaði flugvalla bandalagsins	13.12.1994	10.4.1995	37
COM(95) 121	CB-CO-95-131-EN-C	Sameiginleg rannsóknastöð Ársskýrsla fyrir árið 1994	10.4.1995	12.4.1995	60
COM(95) 400	CB-CO-95-171-EN-C	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins um niðurstöður samningaviðræðna við Kanada um fiskveiðar, ásamt tillögu að ákvörðun ráðsins Tillaga að ákvörðun ráðsins um undirritun og tímabundna beitingu samningsins milli Evrópubandalagsins og Kanada um fiskveiðar, innan ramma NAFO-sáttmálans	16.4.1995	16.4.1995	22
COM(95) 138	CB-CO-95-150-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins og um að samþykkja aðgerðaráætlun bandalagsins um eflingu heilbrigðis, upplýsingar, menntun og þjálfun innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis	18.4.1995	18.4.1995	15
COM(95) 126	CB-CO-95-135-EN-C	Tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að viðhalda innlendum lögum sem banna tiltekin aukefni við framleiðslu ákveðinna matvæla	19.4.1995	19.4.1995	10
COM(95) 131	CB-CO-95-138-EN-C	Breytt tillaga að ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins um að samþykkja aðgerðaráætlun 1995-1999 um að berjast gegn krabbameini innan ramma aðgerða á sviði almannaheilbrigðis	21.4.1995	21.4.1995	18

(1) „EN“ vísar til enska COM-skjalsins.